


DESEMBER 1967.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



ÁVARP, Þorsteinn Jónsson	Bls. 3
NOKKUR ORÐ UM STARFSEMI NÝALSSINNA, Ingvar Agnarsson	4
SPURNINGAR OG SVÖR Á TILRAUNAFUNDUM NÝALSSINNA, H. H.	5
FRAMLÍFSHEIMAR, Halldór Halldórsson	8
STEFNUMARK NÝALSSINNA, Bjarni Bjarnason	11
GJAFIR, Ingvar Agnarsson	12
MAGNAN MAÓ TSE TUNGS, Ingvar Agnarsson	13
DRJÁR FUNDARGERÐIR	14
VÍG EÐA MORÐ, Þorsteinn Jónsson	18
MÆLZT TIL VIÐ ÁHUGASAMA, Þorsteinn Jónsson	19
EFTIRMÁLI, Þ.J.	19

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

FORSÍÐUMYND: N Ý A L L .

Bygging stjörnusambandsstöðvar hefur nú verið afráðin og er verkið hafið.

Stjórn Félags Nýalssinna hefur beitt sér fyrir þessu máli, og vill hún nú gefa sem flestum kost á því að eiga hlutdeild að því og sýna hug sinn í verki.

Hér á forsíðu er mynd af ritverkinu sem glætt hefur hugsjónina um stjörnusambandsstöð. Þetta ritsafn er Nýall eftir dr. Helga Pjeturss.

Stjörnusambandsstöðin yrði umfram allt staður, þar sem leitað yrði sambands við hið æðra líf, á þann hátt sem Nýall bendir til, og framfaravænlegast sýnist.

Jafnframt er vel hugsanlegt að unnt verði að veita ýmsu sambandsfólki (skyggnu fólki, miðlum, huglæknum) bætt skilyrði með uppkomu þessarar stöðvar, og mætti þá svo fara, að litið yrði til hennar sem lækningarstöðvar í þeim skilningi.

Þeim sem vildu gerast styrktarmenn stjörnusambandsstöðvar er nú gefinn kostur á að eignast Nýalsritin jafnframt því sem þeir greiða ævifélagsgjald kr. 3000. -, og fá þeir þá einnig Félagsblað Nýalssinna án greiðslu í tvö ár.

Benda mætti á það að ritverk eins og Nýall myndi nú nýútgafið varla kosta minna en um 2000.00 kr. svo að viðbótargjald ævifélagans yrði þá ekki ýkjahátt.

Bréf til félagsins má stíla beint á pósthólf þess, 1159. Reykjavík, en einnig má snúa sér beint til stjórnarmanna þess, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni (s. 30688) eða á Hábraut 4, Kópavogi (s. 40593)

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670) eða Skafahlíð 5 (s. 16274)

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

ÁVARP

Eins og sjá má af fundargerð frá 1. nóv. s.l., þá hefir nú verið ákveðið að ráðast í byggingu stjörnusambandsstöðvar, og má einnig í þeirri fundargerð lesa um það, hvernig þeirri byggingu muni verða hagað. Hinsvegar skal geta þess hér, sem síðar hefir orðið, að nú þegar hefir verið leitað til borgarstjóra Reykjavíkur varðandi staðarval fyrir byggingu þessa og að hjá honum fengust góðar undirtektir. Liggur þá næst fyrir að leita stuðnings hjá þeim, sem velviljaðir væru þessu fyrirtæki, og það félagsstjórn Nýalssinna mig að taka það fram, að það sé ekki síður samhugur góðra manna en fjárframlög, sem óskað sé eftir. Hafa ráðamenn félagsins fallizt á tillögu þess efnis að gefa hverjum, sem vildi, kost á að gerast þátttakandi í félagi Nýalssinna ævilangt þannig, að hann leggi þegar fram í eitt skipti fyrir öll kr. 3000 gegn því að fá öll Nýalsbindin, samtals 1918 bls., og félagsblaðið, sem gefið er út sex sinnum á ári, 16 síður hvert hefti. En það sem mestu máli skiptir þó gegn þessu framlagi er þátttaka í sambandstilraunum, en hún mun veitt verða hverjum einum, þegar ástæður leyfa.

Svo sem alkunnugt er, þá er trú á framhaldslíf og tilveru guða nokkurn veginn jafngömul mannkyninu, og mun því ekki verða neitað með réttu, að sú trú hafi við nokkuð að styðjast. Á öllum öldum hafa átt sér stað ýms þau lífsfyrirbæri, sem gefið hafa sterka ástæðu til að ætla, að sögu einstaklingsins sé ekki lokið með dauða hans hér, og að um einhverjar vitverur sé að ræða, sem séu meira en mannlegar. En vegna þess, að aldrei var á þekkingu byggt eða náttúrufræðilegri undirstöðu, þegar leitað var skilnings á þessum fyrirbærum, gátu þau aldrei tekizt nema ófullkomlega eða á þann hátt, sem ætla má að til hafi verið stefnt af gerendum þeirra. Vegna þess, að aldrei var þarna reynt að byggja á þeirri þekkingu, sem loksins varð fengin í heimsfræði og líffræði, gátu fyrirbærin aldrei orðið öðruvísi en tilviljanakennd og aldrei tekizt nema ófullkomlega, og mætti slíkt verða skiljanlegt, þegar hugleiddur er sá munur á árangri, sem varð af því að vita af tilveru rafmagns, eins og hinir fornu Rómverjar gerðu, og svo hinu að hafa öðlazzt þekkingu þá á rafmagni, sem menn nú hafa gert. Þekking á hverju einu er undirstaða þess, að unnt sé að færa sér það í nyt, og þekking og skilningur hefir aldrei orðið á annan hátt en þann að byggja á því, sem áður hafði verið rannsakað og skilið. Og hér er það nú, að loks er um slíkt að ræða varðandi þetta, sem til þessa hefir verið kallað dulrænt. Upphaf til þekkingar á því, sem einkum þekkingarinnar menn

hafa véfengt en með réttu verður þó ekki neitað, samböndum við guði og framliðna menn, er falið í þeirri upphafssetningu Nýals, að það sem þúsundir miljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, sé lífið á öðrum hnöttum. . Hér er það því, að einungu verður um að ræða sambandsviðleitni við íbúa annara hnatta, og hljóta því allir, sem þátt taka í þeirri viðleitni, að hafa það í huga. - Hér í blaðinu er nú í fyrsta skipti sagt nokkuð frá árangri þeirra sambandstilrauna, sem þegar hafa farið fram hjá félagsmönnum, og telja verður mjög á byrjunarstigi. Er þar um að ræða nokkra fræðslu eða leiðsögn, sem mjög er í samræmi við hinar nýölsku kenningar. En á fundi, sem ég var viðstaddur þann 13. þ.m., var það beinlínis tekið fram, sem einnig er í samræmi við Nýal, að það sem fullkomnun sambandanna hafi ævinlega strandað á, hafi einmitt verið vöntunin á, að menn gerðu sér ljóst umrætt undirstöðuatriði. Stjörnur eru hinir einu staðir, sem vitað er af utan jarðarinnar, og líkamlegt líf á öðrum stjörnum er hið eina, sem unnt er að skilja í framhaldi af því lífi, sem hér er lifað. En það, sem gefur þann skilning, er uppgötvun lífsambandsins á milli stjarnanna. Uppgötvun aðdráttarsambandsins var það, sem veitti skilning á hreyfingu og sköpun stjarnanna sjálfra, og uppgötvun lífsambandsins er það, sem framar öllu öðru veitir skilning á uppruna og framhaldi þess furðulega tilverufyrirbæris, sem lífið er.

20. nóv. 1967

Þorsteinn Jónsson

NOKKUR ORÐ UM STARFSEMI NÝALSSINNA.

I.

Sambandstilraunir Nýalssinna, hafa nú staðið yfir í nokkur ár, og virðist árangur þeirra tilrauna færa batnandi, þótt hægt fari.

Haustið 1966 fóru nokkrir Nýalssinnar úr Reykjavík upp að Úlfsstöðum í heimsókn til Þorsteins Jónssonar og fjölskyldu hans, en þar eru allir fylgjandi kenningu Nýals. Þar var haldinn miðilsfundur, sem tókst að sumu leyti nokkru betur, en fyrri fundir. Miðilsfundir héldu síðan áfram í Reykjavík, og fóru nú að takast mun betur en áður. Sveinn Haraldsson, einn hafði verið miðill hingað til, en nú fór að bera á áberandi miðilshæfileikum hjá Sigurði Ólafssyni, og hafa þeir nú báðir verið miðlar samtímis á hverjum fundi síðan.

Síðari hluta árs 1966 kom Sigurrós Jóhannsdóttir að máli við Sigurð Ólafsson, og kvað framliðna sambandsvini sína hvetja sig til að fara á fund Nýalssinna. Sigurrós hafði lengi stundað huglækningar. Varð það úr, að hún fór að taka þátt í tilraunafundum okkar.

Þeir höfðu verið haldnir á hverju fimmtudagskvöldi kl. 9, en nú var þeim fjölgað í tvo fundi vikulega, og var fundur haldinn með Sigurrósu á mánudagskvöldum. Síðar var fundum fjölgað í þrjá á viku. Var stofnað til sérstakra lækningafunda með Sigurrósu á hverjum laugardegi kl 3. Á þá fundi komu margir sjúklingar, sem staðið höfðu í sambandi við Sigurrósu, en einnig kom þar alltaf nokkrir Nýalssinnar og var einn þeirra alltaf miðill á þessum fundum.

Framfarir hafa orðið miklar á tilraunafundum þessum, miðað við haustið 1966.

Fyrri hluta vetrar kom fram ýms fróðleikur um hnetti þá sem samband var við. Sögðu sambandsvinir frá stærð hnatta sinna, stærð landjarðar í hlutfalli við höfin, fjölda tungla þeirra, fjarlægð sólna, umferðartíma jarðar þeirra um sólar o.m.fl. Þeir sögðu frá þjóðum og lífsháttum þeirra, og frá samböndum þeirra við aðra hnetti. Þeir sögðu nokkuð frá stjörnusambandsstöðvum sínum, og hafa lýst að nokkru mikilfengleik þeirra og fegurð.

Síðan barst lítið af fróðleik um alllangt skeið. Sögðust sambandsvinir okkar ætla að leggja aðaláherzluna á að senda okkur kraft og magnan. Mest yrði að leggja upp úr að magna okkur og auka samstillingu okkar. Í nokkra mánuði stóð þannig, að lítið barst af fróðleik, en öll áherzla virtist lögð á að magna okkur og samstillast, og mun þetta hafa tekist að nokkru. Ýmsir fundarmanna hafa fundið mikinn kraft, og samstilling hefur oft verið allmikil.

Nú í seinni tíð hefur fróðleikur aftur farið að koma fram, og finnst okkur raunar, að um allmiklar framfarir sé að ræða, að sambandið sé að takast betur og betur.

Ingvar Agnarsson

SPURNINGAR OG SVÖR Á TILRAUNAFUNDUM NÝALSSINNA

Spurning á fundi 14. ágúst :

Hefir jörð ykkar möndulsnúning?

Svar : Já, og auk þess eru árstíðaskipti hjá okkur.

Spurningar á fundi 20. ágúst?

Spurning : Sofið þið á ykkar jörð?

Svar : Já, við sofum. Sólarhringur hjá okkur er nokkru lengri en hjá ykkur.

Spurning : Stafar orkuhleðslan í svefni að utan eða vinnur líkaminn hana úr fæðunni ?

Svar : Orkuhleðsla svefnins er aðsend. Hjá okkur á sér einnig stað orkuhleðsla í vöku. Við neytum fæðu eins og þið, en hún er miklu minni en hjá ykkur, aðallega aldin.

Er þá gróður hjá ykkur og vatn?

Svar : Já, hér er mikill og fagur gróður. Hér eru ár og vötn. Hér ferðast menn með skipum og flugvélum. Sumir geta svifið en ekki allir. (Sá sem rætt var við í þetta sinn, var til þess að gera nýkominn, og sagði að sér hefði enn ekki tekizt að svífa.)

Spurning : Eru íbúar ykkar jarðar allir aðkomnir eða fæðast sumir þarna líka?

Svar : Já, hér fæðast einnig börn. Þar sem lifað er ástalffi, þar koma einnig fram nýir einstaklingar.

Spurning : Eldast menn þarna og deyja?

Svar : Gamlir menn, sem hingað flytjast, yngjast, eða verða sem fullþroska ungir menn. En hér á sér einnig stað dauði. Aldur manna getur orðið mörg hundruð ár. En svo flytjast menn á aðrar jarðir.

Spurning : Hverfa menn þá án þess að skilja eftir sig jarðneskar leifar?

Svar : Þegar maður deyr hér, verður eftir lík, líkt og á ykkar jörð.

Spurning : Þekkjast veikindi hjá ykkur eða er þar fullkom-ið heilbrigði?

Svar : Hér eru engin veikindi.

Spurning : Er sól ykkar jarðar bjartari en okkar sól?

Svar : Nei, hún er ekki bjartari, en hér eru tvær sólar. (Þetta var síðar leiðrétt og sagt, að sólin væri aðeins ein, en fjögur tungl gengi um jörð þeirra.)

Spurning : Vex mönnum hár og skegg hjá ykkur og þurfa menn því að raka sig og klippa.

Svar : Já.

Spurt á fundi 28. ágúst : Þið hafið sagt, að hjá ykkur væru árstíðaskipti. Eru þá ekki mismunandi heit svæði á ykkar jörð? Eru þar ekki einnig snjór og köld heimskautasvæði?

Svar : Hér er einnig mismunandi heit svæði. Hér þekki-ist einnig snjór í fjöllum og á heimskautum. Þeir, sem við

var talað, sögðust þúa fremur norðarlega á hnetti sínum, en veður væri þar þó mjög milt. Þeir sögðust hafa stjórn á veðurfarinu.

Spurning : Þúa margir þjóðflokkar á ykkar jörð?

Svar : Já, jafnvel miklu fleiri en hjá ykkur. Hingað flytjast ekki einungis menn frá ykkar jörð, heldur frá fjölda annara jarða.

Spurning : Notið þið talað mál eins og við, eða nægir hugsanaflutningur?

Svar : Við tölum saman.

Spurning : Er aðeins töluð ein tunga?

Svar : Nei, það eru talaðar margar tungur.

Spurning : Hvernig er um stærð manna, sem koma frá svo mörgum og mismunandi hnöttum?

Svar : Stærð manna er á móta og hjá ykkur, eða frá 160 til 200 sm.

Spurning : Eru til hjá ykkur dýr með þroskað vitsmunalíf líkt og mannsvit hér?

Svar : Nei, dýr eru hér ekki þroskuð vitsmunalega.

Spurning : Eru margar jarðstjórnur í vetrarbrautinni líkt á vegi staddar og okkar jörð og eru sumar jafnvel á lægra þroskastigi en hún?

Svar : Já, þær eru ákaflega margar, og ýmsar verr staddar en okkar jörð. Aðrar eru líka fjölmargar, þar sem lífsþroski er lengra kominn. (Því er án undantekninga haldið fram, að framliðnir menn héðan flytjist til jarða í þeirri vetrarbraut, sem okkar sól tilheyrir, og er það í samræmi við svarið hér á undan. Ennfremur skal þess getið, að á fundum er jafnan rætt um sambandsstöðvar til viðskipta milli hnatta. Sambandsstöð sú, sem við tölum við, fær heimsóknir frá íbúum annara jarða og gagnkvæmt. Þarna eru haldnar miklar samkomur. Fjöldinn skiptir þúsundum. - Mjög erum við hvött til þess að byggja stjörnusambandsstöð, því að slíkt muni mjög auðvelda þá tilraun sem hér sé verið að gera. Sagt er, að ekki þurfi að kvíða fjárskorti, því að næg hjálp muni berast.)

Spurt á fundum fram til 9. nóv.

(Ég hefi sótt flesta mánudagsfundi síðan í ágúst í sumar, og hafa þeir verið hver öðrum líkir. Aðalatriðið virðist vera að þjálfna miðlana og ná æ betri tókum á þeim. Það virðist miða nokkuð í þá áttina. Einstaka svörum man ég eftir frá

þessum fundum. Það hefir verið endurtekið, að börn fæðist á þeirra jörðum, en það fer tvennum sögum um það, hvort menn, sem þaðan deyja, láti eftir sig líkami eða þeir hverfi með öllu. Endurtekið hefir það verið, að þeir stjórni veðurfarinu.)

Spurning : Er notuð kjarnorka við stjórn veðurfarsins ?

Svar : Nei, líforka.

Spurning : Hefir ekki oft og víða verið gerð tilraun til sambanda við okkar jörð, t.d. hjá forngríkkjum ?

Svar : Jú, það hafa oft verið gerðar slíkar tilraunir, en tilraun ykkar er sú fyrsta, sem virðist ætla að takast.

Spurning : Áttu æsir þátt í því, að líf kom fram á okkar jörð? (Þess skal getið, að jafnan er á fundum talað um samband við Æsi.)

Svar : Nei, lífið er hér miklu eldra.

Spurning : Hvað getum við fundarmenn gert til þess að flýta fyrir árangri tilrauna okkar ?

Svar : Verið þolinmóð og verið sannir og góðir menn.

Spurning : Eru ekki mörg tungumál töluð hjá ykkur, þar sem menn flytjast til ykkar svo víða að ?

Jú. En þó er hér eitt aðalmál, sem við nefnum guðamál. Það er skylt norrænni tungu, það er svo líkt norrænni tungu eða íslenzku að heita má sama málið.

Halldór Halldórsson

FRAMLÍFSHEIMAR

Í nýlegu hefti "Morguns", tímariti Sálarrannsóknafélags Íslands, má lesa eftirfarandi: "Við verðum að hafa það í huga, að þegar rætt er um hið æðra, andlega tilverusvið, þá er það enginn ákveðinn staður, heldur vitundarástand. Þeir dánur hafa ekki farið eitthvað langt í burtu. Þeir eru hjá okkur, þótt við höfum yfirleitt ekki hæfileika til að skynja nálægð þeirra. Og vegna þess að þeir eru harla fáir, sem hafa vald á hinum æðri hæfileikum vitundarinnar, svo sem fjarskyggni og fjarheyrn, er hið beina samband við þá, sem látnir eru, svo að segja ómögulegt, nema fyrir tiltölulega mjög fáa. Af þessum sökum er sambandið milli heimanna flestum alsendis ófullnægjandi". Höfundur greinar þeirrar, sem þessi tilvitnun er úr, Rohit Mehta, er sagður einn af fremstu núlifandi hugsuðum á Indlandi, hámenntaður maður, sem kynnt hefur sér bæði vestræn vísindi

og heimspeki og hin austurlenzku fræði bæði forn og ný.

Er ég las um rædda grein varð mér svo starsýnt á hana að ég staldraði við.

Margskonar dulræn fyrirbæri, svo sem fjarskyggni og fjarheyrn eru algeng bæði hérlendis og erlendis og eru um þau óteljandi sagnir. Bak við þessi fyrirbæri er veruleiki. Dulræn eru þau aðeins vegna þess að þau byggjast á ókunnum og óskýrðum lögmálum. Um leið og orsakar fyrirbrigðanna væru kunnar yrðu þau ekki lengur dulræn.

Höfundur tilvitnaðrar greinar ræðir um framhaldstilveruna sem andlega. Hún er óstaðbundin, aðeins vitundarástand. Það mun margra skoðun að tilveran sé ein órofa heild og að lögmál hennar séu óhagganleg. Það sem við þekkjum hér muni vera eins varið annarsstaðar. Því verður mann að spyrja: Hvað orsakar vitundarástand? Er það eigi afleiðing lífshræringar bundið heilastarfsemi? Og þá jafnframt bundið tilteknum staðbundnum einstaklingi? Þegar mynd framliðs manns birtist er það þá sönnun þess að hinn framliðni sé þar allur? Svipir lifandi manna hafa birst víðsfjarri dvalarstað. Er ekki hið sama lögmál að verki í báðum tilfellum. Til eru miðlar þeim eiginleikum búnir að hjá þeim birtast viðstöddum, en ófreskum, sýnilegar verur, en þó stundum hluti verunnar. Þessi fyrirbæri eru nefndar líkamningar. Þau hafa verið ljósmynduð. Hvaða lögmál liggja hér að baki?

Fjöldi manna, er sótt hafa miðilfundi telja sig hafa fengið fullgilda sönnun fyrir persónueinkennum manna er þeir þekktu, alls ekki eingöngu ættingja eða ástvina. Hvaða lögmál liggja að baki öllu þessu?

Sú hugsun, er liggur að baki áður tilvitnaðrar greinar virðist mér svo þokukennd að líkast er sem væri hún frá löngu liðnum öldum þegar talið var að jörðin væri flöt kringla með himininn sem hjálm. Er það ekki einmitt slík þokumóða hugsunarinnar sem byrgir útsýn til gleggri skilnings á þeirri tilveru, sem við mennirnir lifum og hrærumst í?

Nú eru liðin um 50 ár síðan Íslendingur, dr. Helgi Pjeturss., kom fram með þá djörfu hugsun að lífið í alheimi væri ein órofa heild, tengd sterkum böndum, óháð tíma og rúmi. Vitund manns og reyndar allt lifandi geislar út (í líkingu við útvarp). Maðurinn er eigi aðeins senditæki heldur einnig viðtakandi útgeislunar frá öðrum verum. Draumlíf manna vildi dr. Helgi skýra á þennan hátt, einnig hin þekktu miðilfyrirbæri. Í miðilsvefni komi fram vitund annarrar persónu. Eins og rafsegulorkan vekur útvarpsbylgjuna, þá er það önnur tegund orku sem vekur lífgeislunina. Þá orku nefndi dr. Helgi

Pjeturss. líforku. Í svefni magni líforkan hinn sofandi líkama. Óteljandi jarðstjörnur í alheimi væru lífi byggðar og margar, þar sem lífið hefði þróast fram til meiri þroska og meira vits. Við dauða flytur líforkan verund mannsins til annarra jarðstjarna, þar sem honum byggist upp nýr líkami í líkingu við það er líkamningar myndast á miðilfundum.

Eftir að dr. Helga Pjeturss. var orðið ljóst sannleiksgildi hugsunar sinnar um "hið mikla samband" en svo nefndi hann fyrstu bókina er hann reit í bókaflökki er hann gaf samnefnið Nýall, þá helgaði hann upp frá því allt líf sitt boðum kenningar sinnar. Það var vissa dr. Helga að með tilkomu öruggs sambands við fullkomnar vitverur á öðrum jarðstjörnum yrðu aldahvörf hér á jörðu.

Fyrir tæpum 2 áratugum mynduðu nokkrir aðdáendur dr. Helga Pjeturss. félag til stuðnings og frekari rannsókna kenninga hans. Frá byrjun var ljóst að miðilsstarf væri tiltækasta rannsóknarleiðin. Í mörg ár var reynt, en án árangurs, að fá hæfan starfandi miðil. Ópreytandi elja nokkurra einstaklinga innan þessa félagsskapar er það að þakka að með þessum fámenna hópi eru nú að þroskast miðlar. Nú þegar eru tveir menn innan félagsins með nokkuð æfða miðilshæfileika og standa þó vonir til að þeir nái mun meiri þroska en enn er orðið. Á byrjunarstigi eru hæfileikar þriðja mannsins og von er um enn fleiri. Samstarf er með miðlunum á fundunum.

Það er einkennandi við þessar tilraunir að beinar viðræður eiga sér stað við þær persónur er þar tala. Talað er við fundargesti eins og maður talar við mann. Það er spurt og svör eru alla jafnan skýr. En okkur er sagt að með meiri samstillingu muni nást stórum betri árangur en hingað til. Þá verði hægt að veita fullkomnari fræðslu.

Undirrituðum er ljóst að enn liggja ekki fyrir viðurkenndar sannanir fyrir kenningum dr. Helga Pjeturss., svo sem um tilveru líforkunnar. En þegar því marki er náð er ekki ólíklegt að líforkan og áhrif hennar verði ámóta augljós og nútímamönnum er möndulsnúningur jarðarinnar.

Halldór Halldórsson

arkitekt

Framhald.

IV.

Í síðasta kafla var lítillega minnst á erfiðleika þá, sem hafa verið á því að samræma efnishyggju og andahyggju og að fá það svo að kalla staðfest, að efni og orka séu óaðskiljanleg. Enn má minna á að einn þátturinn í þeirri tregðu, mun vera sá að mönnum vaxa í augum fjarlægðirnar miklu, sem eru sólhverfanna milli og vetrarbrauta, því annað er ekki að leita, ef skýra skal vísindalega alla trúarbragða- og fyrirburðafræði, þegar vitað verður um hið órofa samband efnis og orku. En við nána athugun, er þetta ekki eins miklum tálmunum háð og í fljótu bragði virðist, þegar athuginni er beitt að byggingu atómsins, sem nú eru kunn. Fræði- og vísindamenn segja okkur að fjarlægðirnar milli atómkjarnans og elektrónanna, sem svífa í kringum hann, muni hlutfallslega vera þær sömu og milli sólar og reikistjarna í sólhverfi. Aðeins sé þar um stærðarmun að ræða, en ekki eðlis. Vitað er og að fagurlega samræmt orkustreymi er milli kjarnans og elektrónanna og einnig milli atómanna, hvort heldur er í lifandi frumu eða líflausu efni. Er það þá svo fjarstætt, að álykta, að þetta lög-
mál gildi áfram í hinum stærri hlutföllum, eða þegar um hnetti himingeimsins er að ræða. Er það að vísu vitað fyrir löngu um líflausa orku. En með uppgötvun sinni á eðli drauma og miðilsambands hefir dr. Helgi Pjeturss., fært óvæfengjanleg rök að því, að lífsorkan brúi hinar fjærstu fjarlægðir himingeimsins, á skemmri tíma en augabragði.

V.

Efni framanskráðra þátta er öllum félagsmönnum, sem að þessu riti standa augljóst. Þarf ekki þeirra vegna að minna á það. Úr þenna mínum hefir þetta hrotið, ef ske kynni að blað þetta bærisk í hendur manna utan félagsins og væri sem lítil viðbót við það, sem aðrir hafa ritað í það. Gæti þá svo farið að einhverjir veittu boðskap Nýals athygli. Þó það væru ekki nema einn af hverjum tíu, sem þætti þessi efni mjög verð íhugunar, þá væri það spor í áttina. Á þessum viðsjárverðu tímum er áriðandi að kynna sem gleggst, það sem vitrustu menn hafa upplýst um stöðu mannkynsins í alheimi. Slík kynning miðar að bættu hugarfari og eflingu víðsýnis, sem er megin grundvöllur að farsæld og fegurra mannlífi. Þetta ætti að geta gerzt að öllu eðlilegu, án árekstra milli ríkjandi trúarskoðana, því hér er um ekkert niðurrif að ræða, á því sem heilbrigt er og fagurt, heldur til styrktar og í samræmi, til að mynda, því háleitasta, fegursta og dýpsta í kjarna kristinnar kenningar.

Íslenzk heimsfræði rís eins og háfjall yfir eldri og yngri heimspeki. Þó má ekki gleyma því, að hún er reist að miklu leyti, á grundvelli þeim sem mestu andans menn og spekingar viðreisnartímabilsins, frá lokum miðalda og fram á 19. öld, gerðu með uppgötvunum sínum og kenningum, varðandi hinn rétta skilning á heimi og lífi.

Í skólum landsins, þyrfti að kynna og taka þessi efni til rækilegrar meðferðar. Hvað Íslenzka heimspeki snertir, hefir þetta ekki verið gert. Undantekning hér um mun þó vera að í Samvinnuskólanum Bifröst í Borgarfirði hafa, oftast en einu sinni verið flutt erindi og farið fram umræður um Íslenzka heimsfræði, undir umsjá hins merka og víðsýna menningarfrömuðar séra Guðmundar Sveinssonar skólastjóra. Er þar um heilladrjúgt og fagurt fordæmi að ræða.

- Meira síðar.

Fyrsta vetrardag 1967

Bjarni Bjarnason,
Brekkuþæ

GJAFIR.

I.

"Gjafir eru yður gefnar, feðgum, og verðið þið litlir drengir af, ef þið launið engu". Svo mælti eitt sinn Bergþóra á Bergþórshvoli, er henni höfðu borist niðvísur um syni sína og bónda.

Gjafir eru margvíslegar, en oftast er ætlast til, að þær séu góðar.

Á síðari hluta níttjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu var hér á landi fjöldi skálda, sem gáfu þjóð sinni ómetanlegar gjafir, með ljóðum sínum. Þau urðu þjóðinni einn af þeim kyndlum, sem lýstu henni fram á leið sjálfstæðis og menningar, urðu henni aflgjafi til að brjótast upp úr margra alda niðurlægingu og vesöld. Þessar góðu gjafir kunni þjóðin að meta og tók þeim með gleði. Þau vöktu þjóðinni nýja von og knúðu hana til dæða. Þau urðu upphaf að andlegum og efnislegum framförum Íslendinga, þótt aðrir þættir komi þar einnig til.

II.

Á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar barst þjóðinni, enn ein gjöf, og sú allra mikilvægasta. Hún fól í sér möguleikann til framhalds á því sem áður hafði best verið stofnað til af skáldum og öðrum framfaramönnum þjóðarinnar. Þessi nýja gjöf var uppgötvun lífsambands-

ins við lengra komna íbúa annarra stjarna. Með hagnýtingu hennar hefði orðið gjörbreyting á öllum högum Þjóðarinnar. Aukið orkuaðstreymi frá öflugari lífstjörnum hefði náð hér meiri tókum, svo að Ísland hefði í sannleika orðið farsælda Frón.

En nú þáði Þjóðin ekki þessa gjöf, sem henni var færð. Gjöfin var látin ónotuð, hún snerti ekki við hugum margra, hún kveikti ekki þann eld í brjóstum fjöldans sem þurfti til að hefja Þjóðina á hærra stig, það stig sem allir möguleikar væru til að komast á, ef gjöfin hefði verið þegin og hagnýtt. Þjóðin náði ekki því marki, sem henni mun hafa verið ætlað frá upphafi vega, en það er að verða forustubjóð jarðar okkar til að leiða mannkynið allt á braut sannra framfara, vegna alheimslífsambanda þeirra, sem hún hefði orðið fyrst til að hagnýta sér.

Þjóðin hefur síðan verið að fara fram hjá þessu marki, sem henni var ætlað að ná. Ýms merki afturfarar eru farin að koma í ljós. Og raunar má segja það sama um mannkynið í heild.

Enn er þó ekki öll von úti. Enn er hægt að þiggja gjöfina góðu, sem um er rætt hér. Enn er hægt að koma á samböndum við æðri lífstjörnur. Og merki þess, að þetta megi takast, eru að koma í ljós. Nokkrir einstaklingar, sem hafa látið sér skiljast mikilvægi lífsambandsins, sem uppgötvað var í byrjun aldaráttarinnar, hafa myndað með sér samtök, og halda nú uppi skipulegum tilraunum til sambands við íbúa annarra stjarna. Árangur þessara tilrauna hefur orðið öllum vonum framar. Þessir fáu einstaklingar hafa nú í hyggju að skapa hér betri aðstöðu til þessara iðkana, og hyggjast í því skyni, að koma upp sérstakri byggingu, stjörnusambandsstöð, þar sem öll skilyrði til stjörnusambandsiðkana yrðu stórum betri en nú er.

Til þess að þetta stórmál nái fram að ganga, treysta þeir á betri undirtektir almennings í landinu, og vonast eftir stuðningi sem dugi.

Ingvar Agnarsson,
3. ágúst, 1967.

MAGNAN MAÓ ISE TUNGS

Ekki alls fyrir löngu var þess minnst hátíðlega í Kína, að Mao-Tse - Tung, forseti Kína, hafði þreytt sund, fyrir ári síðan, í Gulafljóti. Sundafrek þetta vakti mikla athygli á sínum tíma. Maó, sem þá var um áttætt hafði synt alllanga vegalengd á helmingi styttri tíma en mestu íþróttamenn mundu hafa getað gert, ef trúa má opinberum fregnum frá Kína um þennan atburð. Maó hefur um nokkurra ára skeið notið mikillar hylli þjóðar sinnar. Hann er lofaður og tilbeðinn svo sem væri hann guð. Honum er þakkað gott árferði og góð

uppskera. Ef útlit er fyrir uppskerubrest í einhverju héraði, er fólki þar ráðlagt að lesa rit Maós, muni þá uppskeran ekki bregðast. Og svo er að sjá af fréttum að slíkt traust á Maó gefi góða raun.

Ekki vil ég halda því fram að allar þessar fréttir séu áróður einn, sem ekki sé neitt mark á takandi. En til þess að skilningur komist hér að er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir eðli slíkra viðburða.

Maó er æðsti maður fjölmennustu þjóðar heims, og hann hefur um árabil verið mjög dádur af henni. Valdhafarnir hafa mjög ýtt undir hina miklu lotningu fólksins á forsetanum. Hugur hundraða milljóna manna hefur þannig beinst að honum, í lotningu og tilbeiðslu. Þessi einhugur þjóðarinnar verður til þess, að forsetinn verður mikillar magnanar aðnjótandi, svo að hann getur unnið afrek, sem óhugsandi væru að öðrum kosti. Á hinn bóginn hefur þetta sameiginlega traust fólksins á formanninum einnig leitt til þess, að mjög sterkt aflsvæði myndast meðal þess. Aðstreymi kraftar verður meira en alla. Þegar það sameiginlega les rit Maós eða hugsar til hans, og verður þetta til þess að árferði batnar og uppskera eykst.

Ef við höfum í huga stillilögmál dr. Helga Þjeturss. og reynum að skilja hinar kínversku fréttir í ljósi þess, þurfa hinar kínversku fréttir ekki endilega að vera að öllu leiti ósannar.

Ingvar Agnarsson,
18. júlí, 1967.

ÞRJÁR FUNDARGERÐIR

I.

Fundur Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 5. apríl 1967 að Laugavegi 24. Setti formaður fundinn kl. rúmlega 9, og hófust síðan umræður varðandi útgáfustarfsemi félagsins. Var sagt frá því, að félagsblaðið væri gefið út í 250 eintökum hverju sinni, og færi því sumt í bókabúdir. Varðandi Nýal kom það fram, að öll eintök hans hefðu aftur verið tekin út úr bókabúðum, og að sum þeirra hefðu þá verið orðin ónýtt. Gat Sigurður F. Ólafsson þess, að hinsvegar væri stundum hringt til sín frá bóksölum eftir Nýalsritum, og sendi hann þá það, sem beðið væri um. Einnig sagði hann frá því, að Árni Bjarnason bóksali á Akureyri hefði á árinu keypt Nýala fyrir kr. 80.000, og fylgdi það sögunni, að Jónas frá Hriflu hefði hvatt hann til þess. - Þá var rætt um að fá birt í félagsblaðinu félagatal Nýalssinna, þar sem formanni höfðu borizt óskir um að það yrði gert.

Nú barst talið að sambandstilraunum félagsmanna, sem farið höfðu fram tvisvar í viku, mánudags- og fimmtudagskvöld, við góða þátttöku. Hafði nú komið fram ósk um það frá konu, sem tekið hefði þátt í þessum tilraunum, að komið verði á að auki sérstökum lækningafundum einu sinni í viku. Vilji kona þessi, Sigurrós Jóhannsdóttir, mega koma með sjúklinga og æskir þess þá jafnframt, að einhverjir félagsmenn verði þátttakendur þar. Var þess getið, að kona þessi teldi sig hafa sambönd við framliðna lækna, og að samvinna hennar við Nýalssinna hefði komið á með athyglisverðum hætti. Þóttist hún sjá svip framliðsins Nýalssinna, Hallbjarnar Halldórssonar, og þótti henni hann segja sér að leita sambanda og samvinnu við Nýalssinna. Tregaðist hún við þetta í fyrstu, en þá birtist henni annar framliðinn maður, sem henni þótti spyrja sig að því nokkuð höstuglega, hvort hún ætlaði ekki að gera þetta. Lét hún þá tilleiðast, og hér var það nú samþykkt, að lækningafundum þessum yrði bætt við.

Eftir þetta og út frá þessari sambandsreynslu Sigurrósar barst nú talið að eðli skyggningar og öðru slíku, og kom þá fram, að sýnir þessar sæi hún, þótt hún byrgði fyrir augun. Þótti þannig sýnt, að hjá henni hlyti að vera um skynjanaflutning að ræða á sama hátt og gerðist í draumi. Var þá í þessu sambandi minnst á rússnesku stúlkuna, sem virtist sjá með fingurgómunum, en séð muni hafa, eins og vikið hefir verið að áður í félagsblaðinu, með augum þeirra, sem voru að reyna þessa hæfileika hennar. Gat Kristján Baldursson þess, að hann hefði einhverntíma borið þessa skýringu fram á fundi guðspekisinna, og að Grétar Fells, sem verið hefði þar viðstaddur, hefði ekki andmælt henni.

Nú tók Þorsteinn Guðjónsson fram nýlega útgefna bók eftir þýzkan fyrirburðafraeðing, dr. Hans Gerloff, og voru þar m. a. margar myndir af líkamingnum Kate King, enda er bókin varnarrit gegn árásum, sem frásögur af þeim fyrirbærum hafa orðið fyrir á síðari tímum. Talaði Þ. um, að skilyrði til slíkra fyrirbæra muni hafa verið misjöfn fyrr á öldum svo að stundum hafi líkamingar getað orðið sumstaðar hér á jörðu en stundum ekki. Taldi hann, að skilyrði í þá átt muni hafa verið slæm eftir styrjöldina síðustu, og að spíritistar hefðu síðan staðið verr að vígi en áður, en væru nú að sækja sig aftur. Benti nú Þorsteinn á mynd af hárlökki, sem tekinn hafði verið af líkamningnum, og aðra af því, þar sem líkamningurinn hafði stungið hendi sinni niður í ker með vaxi í, og hafði höndin aflíkamast síðan. Mátti sjá, að ekki hefði verið unnt að ná hendinni úr þessu móti án þess að brjóta það.

Í umræðum, sem nú hófust og ýmsir voru þátttakendur að, gat Sigurður Ólafsson þess, að sig hefði þrem sinnum dreymt, að hann væri kvenmaður, og einnig stundum átt í draumi minningar, sem hann ekki ætti vakandi. Ennfemur sagði hann frá þeirri reynslu sinni, sem í grundvallaratriðum hefði orðið sér staðfesting á kenningum dr. Helga Pjeturss. Var það þegar hann eftir að hafa verið svæfður til skurðaðgerðar, en það var árið 1943, að hann þóttist aka sjálfum sér inn í skurðstofu og sá stúlkuna, sem gekk á undan vagninum. En þegar hann kom inn í stofuna, óskýrðist sjónin í hvert sinn, sem hann gekk frá vagninum. En raunveruleikinn var þarna sá, að það var læknirinn, sem ók vagninum, og að Sigurður hefir því séð einungis það, sem læknirinn sá, en samskynjanin hinsvegar orðið daufari, í hvert sinn þegar fjarlægðin varð meiri á milli þeirra.

Í tilefni afmælis Þorsteins Jónssonar þennan dag og Helga Pjeturss. nokkru áður las Þorsteinn Guðjónsson greinina Frægasta nafnið, sem á sínum tíma birtist í Íslenzkri stefnu, og barst síðan talið að því að reisa stjörnusambandsstöð.

Tveir nýir félagar, Trausti Laufdal Jónsson og Jón Gunnar Árnason gengu í félagið, og voru boðnir velkomnir með lófataki.

Til máls tóku á þessum fundi Ingvar Agnarsson, Sigurður F. Ólafsson, Þorsteinn Guðjónsson, Ragnar Sturluson, Kristján Baldursson, Ásmundur Guðbjörnsson og Trausti L. Jónsson.

II.

Fundur Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 2. ágúst 1967 að Laugavegi 24, og var rætt um ferð til Hornafjarðar á fund Bjarna Bjarnasonar á Brekku. Létu menn í ljós, að þeir hugsuðu gott til þessarar ferðar, og hafði Bjarni sagzt bjóða þá velkomna, sem koma vildu.

Á fundi þessum var enn rætt um byggingu stjörnusambandsstöðvar, og höfðu þá þegar komið teikningar varðandi þá byggingu frá þremur félagsmönnum. Var helzt ákveðið á fundinum, að farið yrði til ákveðins arkitekts til þess að skera úr um það, hvað tiltækilegast væri í þessu efni. Var helzt hallazt að því, að byggingin yrði látin fara fram í áföngum, og þó þannig, að starfsemi geti hafizt í þeim hluta, sem upp kæmist.

Í fundarlok las Ingvar Agnarsson greinina Framtíð Reykjavíkur, sem prentuð er í Viðnýal, en þar er vikið að þýðingu þess, að stjörnusambandsstöð verði reist.

III.

Fundur Nýalssinna var haldinn 1. nóv. 1967 að Lauga-vegi 24. Hófst hann kl. hálf tíu síðdegis, og bauð formaður menn velkomna. Kvað hann aðalmál fundarins vera byggingu stjörnusambandsstöðvar, en áður en umræður hæfust bað hann Þorstein Guðjónsson að lesa eitthvað úr Nýal. Las Þ. síðan 7. kaflann úr ritgerðinni Íslenzk vísindi og framtíð fmannkynsins, sem prentuð er í Þónýal, og ennfremur kafla úr Ennýal, ritgerðina Mannkynsagan og hin mikla breyting. Er í báðum þessum köflum talað um stjörnusambandsstöð, og minntist Stefán Thorarensen þess, að þegar Ennýalsgreinin var skrifuð, sem var 1929, hafi Reykjavík komið næst á eftir Róm, þegar um meðalhita hinna ýmsu höfuðborga álfunnar var að ræða. Var þá haft orð á, að slíku þyrfti aftur að koma á, og var þar vitanlega haft í huga samband milli veðurfars og hugarfars.

Nokkra stund var nú rætt um það, hve furðulega seinir menn hafi orðið til þess að meta uppgötvanir Helga Pjeturss. Var talað um, að þótt menn treystust ekki til að neita því, að hann hafi gert hér jarðfræðiuppgötvanir á brautryðjandi hátt, þá sé líkast því, að forðast sé einnig þar að nefna hann. Þannig lét Þorsteinn Guðjónsson þess getið, að fyrir nokkrum árum hefðu komið hingað 60 jarðfræðingar til ráðstefnu með Íslenzkum jarðfræðingum og umræðuefnið þar hafi nú einmitt verið það, sem ekki hafði verið skilið fyrr en Helgi kom til sögunnar, en hans hafi þar þó að engu verið getið. Þá sagði Valdimar Guðlaugsson frá því sem dæmi um, hve lítt væri eftir Helga munað, að ungur maður, sem hann hefði talað við, hefði ekki kannast við hann. Hefði þessi ungi maður spurt, hvenær þessi Helgi Pjeturss. hefði verið uppi, en lét þess þó getið, að verið gæti, að faðir sinn kannaðist við hann. - Í umræðum þessum, sem einnig bárust að þröskuldi þeim, sem vísindamenn hafa skapað sér með því að hugsa sér ljósið hið hraðgeislaðasta alls, var þess getið, að dr. Helgi hafi einhverntíma flutt erindi á grísku, og að hann muni auk jarðfræðisnilli sinnar hafa verið mestur dýrafræðingur hér.

Ingvar Agnarsson vék nú aftur að aðalmálefni fundarins, byggingu stjörnusambandsstöðvar, sem í fyrstu mundi þó ekki geta orðið nema vísir til slíks. Minntist hann þess, að félagar hefðu lengi haft þetta í huga, þótt ekki hafi af orðið, og hafði Halldór Halldórsson þá orð á því, að í rauninni hafi ekki verið ástæða til slíkra framkvæmda fyrr en nú. Sagðist hann áður fyrr hafa lagst heldur á móti slíkum framkvæmdum, þar sem þá hafi ekki verið um neinn miðil að ræða. En nú væri hinsvegar þörfin orðin brýn, þar sem sambandstilraunir væru þegar hafnar. Og byrjunina, sem nú skyldi hefja, hugsuðu fundarmenn sér þannig, að byggt yrði tveggja hæða hús, og yrði á efri hæð þess funda

og tilraunasalur ásamt lítilli íbúð fyrir húsvörð og geymslu bóka-
safns, en á neðri hæðinni yrði hinsvegar ein sæmilega rúmgóð
fjölskylduíbúð, og gaf Þorsteinn Guðjónsson kost á því að leggja
í þá íbúð verð íbúðar þeirrar, sem hann nú ætti, gegn eign og
afnotum þessarar. Var gizkað á, að bygging þessi mundi kosta
eitthvað á þriðju miljón krónur, og var talað um að ræða við
borgarstjóra og aðra ráðamenn um staðarval. En eitthvað voru
þarna nefndir tveir staðir, sem til mála gætu komið, annar í
Kópavogi en hinn við Lönguhlíð.

Byggingarmál þetta var nú borið undir félagsmenn, og
voru allir samþykkir því að hafizt skyldi handa. Létu menn sér
detta í hug, að vísir þessi gæti flýtt mjög fyrir byggingu stórrar
og veglegrar stjörnusambandsstöðvar, og spáði Hulda Valdimars-
dóttir því þarna á fundinum, að áður en 5 ár væru liðin frá
uppkomu þessarar mundi sú framkvæmd verða hafin.

Að lokum gat formaður um tvo menn, sem óskuðu eftir
inngöngu í félagið, þá Gunnar Þór Kárasón í Reykjavík og
Kjartan Ólafsson fyrrverandi bæjarpóst á Akureyri, og voru þeir
samþykktir með lófataki.

Fundinn sátu 15 manns og var honum slitið kl. 21.

VÍG EDA MORÐ

Meðal annara athugasemda, sem ég hefi séð gerðar við
eitt og annað í bók Þorsteins Jósepssonar, Landið bitt, er það,
að hann skuli hafa kallað dráp Snorra Sturlusonar morð. Nú
má vera, að algengara sé að tala um dráp þetta sem víg, og
þykir mér þó óvíst, að sjálfur hefði Snorri orðað það svo.
A.m.k. segir svo í Egilssögu, að náttvíg séu morð, og eru
þau orð þar höfð eftir Arinbirni hersi. En eins og kunnugt er,
þá var það á nóttu en ekki degi, að dráp Snorra fór fram, og
ætti það því að heyra undir hið sama, og það þó fremur, þar
sem nóttin hefir þar auðsjáanlega verið valin til þess að leyn-
ast og koma óvörum. Eða þykir það ef til vill ekki viðeigandi
að segja, að jarlinn yfir Íslandi, sem Gissur Þorvaldsson
síðar varð og nú mundi víst sérstaklega vera titlaður herra,
hafi nokkru sinni látið fremja morð?

Þorsteinn Jónsson

MÆLZT TIL VIÐ ÁHUGASAMA

Í Velvakanda Mbl. 25. ág. s.l. er grein með fyrirsögninni "Draumar", og er þar í byrjun vikið að geislum þeim, sem frétt kom um í Þjóðviljanum fyrir nokkru, að væru nú sinnum hraðfleygari en ljósið. Leitast greinarhöfundur, sem kallar sig "áhugasaman", við að sýna fram á, að slíkt hafi verið misskilningur, og sleppi ég hér að ræða um það. En vegna þess að ég hefi oft nokkuð skrifað um drauma og eðli þeirra og einmitt á þann hátt, sem "áhugasamur" vill gera lítið úr, þá læt ég ekki ógert að víkja að því. Skal það þá fyrst tekið fram, að því fer fjarri, að ég og aðrir, sem tileinkað hafa sér hinn nýalska draumaskilning, telji minningar einstaklingsins ekki koma draumum hans við. Minningar manns hafa, hvað drauma hans snertir, samskonar þýðingu og strengir hljóðfæris, sem leikið er á. En væri ég spurður, hvort ég telji þá ekki drauma vera einar saman minningar eða upprifjan minninga, þá neitaði ég því. Rétt eins og það, að strengir hljóðfæris óma ekki án þess að vera snertir, þegja minningar sofandans án þess að utanaðkomandi áhrif verði til þess að vekja þær, og hefi ég þúsundum sinnum gert mér þetta ljóst. Í hvert sinn, sem mér tókst að muna hvað mig dreymdi, var það frábrugðið því, sem vera mundi, ef minningar mínar væru þar gerandinn eða undirrótin, og vil ég nú mælast til þess við þá, sem raunverulega eru áhugasamir um að komast hér að hinu rétta, að þeir reyni að gera sér þetta ljóst varðandi sína drauma. Og takist þeim að gera sér þetta ljóst, þá vænti ég þess, að þeim fari einnig að verða ljóst, hversu ófullnægjandi það er hér til fulls skilnings að tala um undirvitund og kynslóðaminni.

Þorsteinn Jónsson

EFTIRMALI

Geta skal þess, að hinar þrjár fundargerðir, sem hér birtast og upprunalega voru skráðar af Sveini Haraldssyni, hefi ég stytth verulega, og varð þá um leið óhjákvæmilegt, að þær breyttust einnig að orðalagi frá því, sem upprunalega var. Má af þessu segja, að ég sé að nokkru leyti höfundur þeirra, þótt hinsvegar liggi frásaga Sveins að öllu leyti til grundvallar. Tek ég þetta fram vegna þess að ég veit, að Sveinn kærir sig ekki um, að honum sé eignað nokkuð það, sem hann ekki á, og svo vil ég líka láta hlutaðeigendur vita, að það er ekki honum að kenna, að sum þau orðaskipti, sem á fundunum áttu sér stað, eru hér felld niður.

Um efni heftisins tel ég ekki ástæðu að ræða. Þó skal hér geta þess, að grein mín, Mælt til við áhugasama, birtist í haust í Velvakanda Mbl., en var þar með annari fyrirsögn og

þó á fleiri vegu misþyrmt. Þannig hafði fallið niður hluti af setningu, og snéri það öfugt því, sem ég vildi sagt hafa, og fékk ég ekki birta leiðréttingu á því ásamt áréttingu, sem ég lét fylgja. Má af þessu segja, að ég reyni nú svoltið að rétta minn hlut með því að birta greinina hér eins og hún upprunalega var, og má reyndar segja líkt um, að ég birti hér einnig smágreinina, Víg eða morð. Fékk ég þá grein ekki birta þar sem tilefni hennar hafði þó verið birt, og get ég þó hugsað, að margt af því, sem bók Þorsteins Jósefssonar hefir verið fundið til foráttu, hafi ekki við meiri rök að styðjast en þetta, sem í greininni er hrakið.

Í ávarpi mínu hér í upphafi segi ég, að félagsblaðið komi út sex sinnum á ári, og mætti ef til vill segja, að slíkt sé heldur ofsagt, því að á þessu ári verða heftin ekki nema 5. Hinsvegar sýnist mér, að þetta hefti muni verða stærra en hin, enda er til þess ætlað, að það komi í staðinn fyrir tvö.

Að lokum vil ég svo taka það fram, að því aðeins getur blaðið haldið áfram að koma út í umræddri stærð, að því berist efni frá félagsmönnum og öðrum lesendum þess. Að vísu eru til menn, sem ekki hafa látið á slíku standa, og ber að þakka það. En hinu verður ekki neitað, að þátttakendur eru hér of fáir. - Eins og fram kemur í nefndu ávarpi, þá er það stjórnlíf-fræði, sem hér liggur til grundvallar, en hvorki guðspeki né andatrú, og teljum við það líka algjört undirstöðuatriði, að slíkt sé ríkjandi á tilraunafundum. Það sem þarf til þess, að þar geti vel tekizt, er, eins og dr. Helgi Pjeturss. hefir komizt að orði, ákveðin lágmarksþekking, en þeirri lágmarksþekkingu hefir ekki verið náð fyrr en dulrænan hefir horfið með öllu. En þó að þetta hljóti að vera ófrávikjanlegt skilyrði á sambandsfundum og sé það reyndar hér í blaðinu, þá vildi ég þar ekki neita hinum um orðið, sem ekki hafa náð þessum lágmarksskilningi. Séu þeir einhverjir, sem hér í blaðinu vildu gerast málsvarar guðspeki og andatrúar eða þá jafnvel sálfræðikenninga Freuds og slíkra, þá skyldi þeim ekki vera synjað um það. Hinsvegar verður hér þess að geta, að þótt til þessa hafi verið um sult að ræða hjá félagsblaðinu fremur en offylli, þá er rúm þess takmarkað, og mundi sú takmörkun vitanlega koma meir niður á því, sem við teljum ekki rétta. Og gæti þeir nú að því, sem þetta lesa, að það er ekki sagt í anda neinskonar rétttrúnaðarstefnu. Það sem hér er um að ræða, er skilningur byggður á náttúrufræðilegri þekkingu og raunverulegum athugunum, og ættu menn að varast það að blanda því saman við einstrengingshátt og þröngsýni, þó að sumum hugmyndum hljótum við að hafna á þeim grundvelli.